

Skozk „innrás“ í Reykjavík í haust

- „Island okkar uppáhalds land,, segir Peter Hemmings hjá skozku óperunni

„Við fengum fejkilega góðar viðtökur síðast þegar við komum — ég held það sé vitleysa sem ég hef heyrt hér, að Íslendingar kunni ekki að meta óperu sem listform“.

Peter Hemmings heitir hann, og við hittum hann eitt andartak í gær, en hér er hann staddur að ræða við Þjóðleikhússtjóra, Guðlaug Rósinkrans um möguleika á að „Scottish Opera“ komi hingað í október næsta ár með 65 manna hóp og sýni „Jónsmessunæturdraum“.

„Við komum hingað 1970 með tvær óperur, „Albert Herring“ var önnur þeirra, sem ég held hafi líkað mjög vel. Nú langar okkur að skreppa aftur yfir hafid og skemmta íslenskum. Það er mikill áhugi fyrir Íslandi og reyndar öllu íslenzku í Glasgow, heimaborg óperunnar, og Ísland er okkar uppáhaldsland. Og þótt hér sé ekki ópera, þá er söngmennt hér á háu stigi — t.d. eru hér margir söngvarar, eða margir íslenzkir söngvarar starfandi erlendis...“ og svo var Peter Hemmings, framkvæmdastjóri „Scottish Opera“ rokinn að semja við Guðlaug. — GG.



Þetta er skozka óperan að syngja „Göttesdammerung“ — ef af verður að hún komi hingað, munu 65 manns alls koma hingað, þar af 24 söngvarar og 27 hljóðfæraleikarar og flytja „Jónsmessunæturdraum“.

Gert við Fokkerinn á verkstæði F.Í.

Ok Fokker á öskubíl, — eða öskubíll á Fokker? Það er enn stór spurning, og er málið enn í höndum rannsóknara, líkt og önnur umferðaróhöpp. Flugvélin er hinsvegar í pörtum inni í skýlinu, sem hún var að yfirgefa, þegar óhappið varð.

Jón N. Pálsson, yfirskodunarmaður hjá Flugfélagi Íslands tjáði blaðinu í gær, að vélin hefði verið tekin inn til viðgerðar, og um leið yrði svonefnd sköðun 4 framkvæmd af hagkvæmnisástæðum. Beðið er nú eftir varahlutum í vélinu, en óhætt mun að fullyrða að tjón Flugfélagsins er mikið, þar eð ófært hefur verið öðru hverju, farþegar safnað fyrir, og þá not fyrir allan tiltekkan flugvélakost.

Margir hafa spurt að því hvort

ekki væru einhverjar reglur um það, hvernig flugvéllum er rennt út úr flugskýlum, en slíkt getur verið mjög mikið nákvæmnisverk. Ekki munu slíkar reglur vera fyrir hendi. Hvert flugfélag fyrir sig setur sínar reglur, en oft munu menn hafðir við vængenda og fyrir framan vélar til að tryggja áfallalaus flutninga á vélunum, en hér munu slíkar varúðarráðstafanir ekki hafa verið viðhafðar.

Mun mega búast við dómsmáli vegna atviks þessa, — en tryggingafélög tækjanna eru Trygging h.f. sem tryggir Fokkerinn, en Almennar tryggingar h.f. sem tryggir öskubílinn. —JBP

AUKIÐ EFTIRLIT MEÐ ÁVANALYFUM

- segir formaður lyfjaskrárnefndar

„Við vitum, að lækna hafa óskað eftir þessu. Málið er í endurskoðun, og munum við skila tillögum okkar innan skamms tíma til landlæknis. Í þeim má gera ráð fyrir auknu eftirliti með ávana- og fíknilyfjum“, sagði Sigurður Ólafsson formaður lyfjaskrárnefndar í viðtali við Vísi.

Stjórn Læknafélags Íslands sendi frá sér yfirlýsingu, sem birtist í Vísi í gær. Þar itreka lækna, að það sé einungis á valdi heilbrigðisyfirvalda að afla upplýsinga um misnotkun ávanaog fíknilyfja og gera videigandi ráðstafanir. Minnir stjórn læknafélagsins á, að óskað hafi verið eftir á aðalfundi félagsins í september sl., að tekin yrði upp skrá-

setning á ávisunum á öll ávana- og fíknilyf.

Undanfarið hefur lyfjaskrárnefnd unnið að endurskoðun á lista yfir þau ávana- og fíknilyf sem skrásetningarskylda er á. Eftir að tillögurnar berast landlækni mun verða sett reglugerð um skrásetningu þeirra lyfja, sem koma til greina. —SB

FELLD OG VÍÐ PILS

Á öllum tizkusýningunum, sem hafa staðið yfir í Evrópu undanfarið — Róm, London og París — hafa verið sýnd felld og víð pils, sem ná niður á hné eða aðeins lengra, og klæðnaðir með röndum.

Ítalski tizkuteiknarinn Valentino hefur útfært táníngatizkuna og notar blússur undir kjólunum

sínum og hið sama gerir franskur tizkuteiknarinn Esterel, sem notar mikið vesti með kjólum.

Það virðist, að samfara rómán-

SAS 2svar í viku í Keflavík í sumar

SAS-flugfélagasamsteypan heldur uppi viðteknum hætti í sumar, flýgur hingað að tvisvar í viku að því er segir í fréttatilkyningu

tísku línunni sækir tizkuteiknarar enn aftur í tímann til áratuganna 1920—40 eins og þeir hafa gert undanfarið. —SB—

frá félaginu. Flogið er frá Kaupmannahöfn, milllent í Keflavík á leið til Narssarsuaq og á suðurleið aftur. Með flota, sem telur 71 flugvél mun SAS fljúga til 90 borga í 47 löndum.

Að gera hreint fyrir sínum dyrum

Þetta „mótiv“ fann Bjarnleifur ljósmyndari við heimreið húss eins í gamla bænum. Það hvílir sannarlega einhver ævintýralegur blær yfir þessari mynd, en sjaldgæft er að sjá svo mikinn snjó festa á hinum grönnu greinum trjána hér í borg. Greinilega hefur eigandi hússins reynt eftir megni að moka frá sínum dyrum, eins og góðum borgara sámir. — en hríðarbylur á hríðarbylur ofan gerðu þetta verk erfitt fyrir margan.